

Ágætu félagsmenn,

Fréttabréf marsmánaðar verður í styttra lagi þetta skiptið og fréttir settar hér fram í punktaformi.

- Nú þegar veturinn hefur brýnnt klærnar og höfnin ísi lögð er fátt annað að gera en að stunda snjósiglingar um svæðið svona meðan bátanir eru fastir í ís eða á kafi í snjó. Okkar ágæti félagsmaður Jóhann Davíðsson sýnir okkur hvernig snjósiglingar fara fram [á þessu fræðslumyndabandi](#) sem má finna á fésbókarsíðu Snarfara.
- Stjórn hefur hist nokkrum sinnum frá aðalfundi og sett hefur verið saman [verkefna-](#) og [viðburðarskrá](#) sem má sjá á heimasíðu Snarfara. Ekki er um tæmandi upptalningu viðburða eða verkefna að ræða því nefndir eiga eftir að ráða ráðum sínum og eins og við vitum geta hlutir bilað og skemmst án nokkurs fyrirvara.
- Verið að leggja lokadrög á samkomulag um ráðningu starfsmanns á svæðið (vektaka). Félagsmenn verða upplýstir þegar það mál er komið í höfn og þjónustan og þjónututími sérstaklega auglýst í framhaldi.
- Stjórn ákvað að draga í land að hluta til með að setja upp kortakerfi á svæðið þ.e. hlið og bryggjur. Ekki tókst að fá sjálfboðaliða til verksins frá Snarfara og aðeins barst eitt utanaðkomandi tilboð í verkið sem var ófullnægjandi. Þrír aðrir aðilar höfðu ekki áhuga á að leggja fram tilboð. Til stendur að setja upp kortahlið og þá alltaf hægt að bæta smátt og smátt við kerfið. Verið er að bíða eftir endanlegu tilboði í uppsetningu hliðs og stjórnkerfis sem ætti að koma eftir bráðlega.
- Ekki er komið endanlegt svar um hvenær viðgerð á olíubryggju verður lokið og hún sett niður. Búið er að upplýsa borgaryfirvöld um kosningu nýrrar stjórnar og í leiðinni var minnst á innsiglingarmáin, deiluskipulag og vegaviðgerð að Snarfara. Engin viðbrögð hafa orðið en stjórn mun þrýsta á þessa þætti reglulega á næstu vikum og mánuðum.
- Tveir minnkar veiddust nýlega á svæðinu og annar í grjótinu vestan við A-bryggju. Minkurinn er skaðvaldur í fuglalífi og engin auðfúsugestur á svæðinu og því ágætt að þessu sé sinnt og honum haldið í skefjum.
- Aðilar frá Snarfara hafa verið að vinna með Samgöngustofu og öðrum hagsmunaaðilum að breytingum á reglum tengdum skemmtibátaumhverfinu. Það sem verið er að skoða þessa daganna eru breytingar á ICC skírteininu og verður kynnt síðar ef niðurstaða fæst. Í öllum tilfellum er verið að reyna að henda út úteltum reglum, auka fræðslu og einfalda kerfið.
- Búið er að senda reikninga út fyrir árið.
- Nefnd vegna hugmynd um bátalyftu hefur verið að störfum og beðið er eftir niðurstöðu hennar. Hennar hlutverk er að skoða fýsileika þess að kaupa bátalyftu á svæðið sem gæti sinnt öllum bátum félagsmanna. Spurningakönnun var send á þá félagsmenn sem nota traktor við upptöku og sjósetningu báta sinna en þar var m.a. spurt hvort þeir kysu frekar sértæka bátalyftu til að sinna þessa þjónustu eða nota traktor og vagna sína áfram. Meirihluti svarenda svöruðu að þeir vildu frekar nota bátalyftu.

## SNARFARI-FRÉTTABRÉF MARS MÁNAÐAR

- Gjaldkeri hefur sent reikninga út vegna gjalda ársins 2017. Stjórn hefur ekki sérstaklega rætt gjaldsrá félagsins að öðru leiti en mun gera það á næsta fundi sínum.
- Nefndir eru orðnar fullmannaðar en ekki eru allar komnar í gang
- Við höfum átt í einhverjum vandræðum með að koma vefmyndavél á heimasíðu í gagnið. Vefstjórinn sem er einnig varaformaður félagsins ætlar að skoða hvað er hægt að gera í stöðinni.

F.h. stjórnar

Pétur Ó. Einarsson, formaður